

Samþykkt um stefnumótun Sjúkrasjóðs KÍ 2014-2014

Í reglum um Sjúkrasjóð Kennarasambands Íslands segir að hlutverk sjóðsins sé þrjúþætt; að veita sjóðfélögum fjárhagsaðstoð vegna veikinda, slysa og dauðsfalla, að styðja sjóðfélaga vegna endurhæfingar eftir slysa eða sjúkdóma og að styðja sjóðfélaga í fyrirbyggjandi aðgerðum sem snerta öryggi, heilsufar og heilbrigði þeirra.

Við stefnumótun fyrir næsta kjörtímabil verður að taka mið af þessum fyrirmælum um hlutverk sjóðsins. Tekjur sjóðsins eru takmarkaðar og verður jafnframt að hafa það í huga við ákvörðun um úthlutanir úr sjóðnum.

Frá upphafi hefur það verið stefna sjóðsins að leggja höfuðáherslu á að styðja við þá sjóðsfélaga sem mest þurfa á stuðningi að halda vegna langvarandi veikinda og óvæntra, meiriháttar heilbrigðisútgjalda. Jafnframt hafa sjóðfélagar átt kost á greiðslum vegna endurhæfingar og tiltekinn forvarna, einkum hjartaverndar og krabbameinsleitar. Meginregla er að eingöngu sé greiddur kostnaður vegna meðferðar eða aðgerða sem falla undir endurgreiðslukerfi Sjúkratrygginga. Því hafa til dæmis fegrunaraðgerðir ekki verið taldar vera styrkhæfar.

Samkvæmt framangreindri stefnu hefur ekki verið lögð áhersla á að veita styrki til að mæta úgjöldum sem vænta má að falli til hjá flestum eða nær öllum sjóðfélögum, svo sem kostnaði vegna venjulegrar líkamsræktar og almennra tannviðgerða. Í því sambandi hefur m.a. verið haft í huga að styrkir af því tagi myndu verða það kostnaðarsamir að draga yrði verulega úr öðrum styrkjum.

6. þing KÍ leggur til að á næsta kjörtímabili verði áfram fylgt þeim áherslum sem að framan er lýst. Þó verði á kjörtímabilinu leitast við að hækka styrki vegna tannlæknakostnaðar umfram almennar hækkningar á öðrum liðum, eftir því sem fjárhagar leyfir, enda er vitað að útgjöld vegna tannviðgerða geta verið umtalsverður baggi fyrir marga.